

**Nd. 228. Frumvarp til laga**

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa um tiltekinn tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, án þess þó að ákvæði 29. gr. 2. tölul. laga um útsvör, nr. 106 1936, nái til þeirra, en hafa fasta atvinnu, skal haga innheimtu tekju-skatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sé dvöl aðilja hér á landi svo löng, að hún skapi honum útsvars- eða skattskyldu, ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans ciginn skatt eða útsvar væri að ræða (sbr. þó 4. gr.). Nú eru kaupgreiðendur aðilja fleiri en einn á hinu sama útsvars- eða skattári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þann tíma, er þeir hafa greitt honum kaup.

Gagnvart þeim aðiljum, sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um ótiltekinn tíma, kemur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts og útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi útsvars- eða skattgreiðanda allt að 20% af launum, ef um einbleypan mann er að ræða, en allt að 15%, ef fjölskyldumaður á í hlut.

4. gr.

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Jafnskjótt og skattur og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal kaupgreiðanda skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið haldið eftir af kaupi skatt-(útsvars)ársins.

6. gr.

Kaupupphæð þá, sem kaupgreiðandi heldur eftir af kaupi gjaldanda, skal honum skylt að ávaxta með venjulegum bankainnlánsvöxtum, þar til greiðslur hafa farið fram í ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóð eða endurgreiðslur til gjaldanda sjálfs.

7. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um útsvör, eftir því sem á við.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.